

SAMNINGUR

um styrkta ljósleiðaravæðingu í þéttbýli utan markaðssvæða

Fjarskiptasjóður, kt. 530306-0110, Reykjastræti 6-8, 101 Reykjavík, (hér eftir nefndur sjóðurinn) og Grundarfjarðarbær kt. 520169-1729, Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði, (hér eftir nefnt sveitarfélagið) gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr. Markmið

Markmið samningsins er stuðningur við ljósleiðaravæðingu lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli (þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum) á grundvelli stefnu og markmiða stjórnvalda um almennan aðgang að ljósleiðara, sbr. þingsályktun nr. 6/154, um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025 og þingsályktun nr. 27/152, um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036.

2. gr. Samningsgögn

Til samnings aðila telst samningur þessi ásamt eftirfarandi fylgigögnum sem teljast öll órjúfanlegur hluti samningsins:

- Tilboð sjóðsins,
- listi yfir styrkhæfa staði og
- skilmálar verkefnisins dags. 2. júlí 2024.

3. gr. Styrkuppþæð og greiðslufyrirkomulag

Styrkur frá ríkinu er föst uppþæð 80.000 kr. án vsk. fyrir hvert styrkhæft heimilisfang sem tengt verður eftir 2. júlí 2024. Styrkhæfi heimilisfanga fer eftir lista sem útbúinn var af Fjarskiptastofu og byggir á könnun á áformum um uppbyggingu ljósleiðaratenginga þar sem skilafrestur var til 19. apríl 2024 og skráðum tengingum í gagnagrunni stofnunarinnar á þeim tíma. Almennt er gert ráð fyrir að styrkur verði greiddur út á grundvelli niðurstöðu reglubundinnar könnunar Fjarskiptastofu sem fram fer tvisvar á ári. Forsenda greiðslu er að Fjarskiptastofa hafi móttekið fullnægjandi upplýsingar um tengd styrkhæf heimilisföng og sjóðnum hafi jafnframt borist greiðslubeiðni þar sem staðfest er að styrkhæf heimilisföng hafi verið tengd á forsendum samningsins en ekki á markaðsforsendum. Sjóðurinn mun af fremsta megni verða við beiðnum um annað greiðslufyrirkomulag óski sveitarfélag sérstaklega eftir því.

4. gr. Undirverktakar og samstarfsaðilar

Sveitarfélög geta sjálf staðið að undirbúningi og framkvæmd jarðvinnuþáttarins eða úthýst til þriðja aðila.

Um samnýtingu jarðvinnuframkvæmda sem njóta styrkja samkvæmt samningi þessum fer samkvæmt 11. gr. skilmála Fjarskiptasjóðs frá 2. júlí 2024 og 2. mgr. 8. gr. laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta nr. 125/2019. Þegar upplýsingar liggja fyrir um fyrirkomulag, umfang og fyrirhugaða útmasetningu jarðvegsframkvæmda og frest til þess að óska eftir samnýtingu, þá skal sveitarfélag tafarlaust senda Fjarskiptastofu tilkynningu þar að lútandi, til birtingar á vefsíðu stofnunarinnar. Sveitarfélag skal jafnframt birta sams konar tilkynningu á sinni vefsíðu.

5. gr. Forræði og ábyrgð

Fjarskiptasjóður er ábyrgðar- og framkvæmdaraðili verkefnisins fyrir hönd ríkisins og greiðandi styrksins. Greiðslur koma frá fjárveitingum fjarskiptasjóðs og byggðaaætlunar á grundvelli aðgerðar A.1 Háhraðanettengingar í aðgerðaaætlun byggðaaætlunar 2022-2026.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið tekur við samningshlutverki fjarskiptasjóðs eftir að sólarlagsákvæði í lögum um fjarskiptasjóð nr. 132/2005 rennur út 31. desember 2024. Hvorki fjarskiptasjóður né ráðuneyti bera ábyrgð á tjóni sem sveitarfélagið eða aðrir kunna að verða fyrir í tengslum við verkefnið.

6. gr. Samningstími

Samningurinn tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2025. Sveitarfélag getur óskað eftir því að samningurinn verði framlengdur til ársloka 2026 sé þörf á því.

7. gr. Meðferð ágreiningsmála og uppsögn

Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining ef einhver er sín á milli. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Sveitarfélag getur hvenær sem er sagt upp samningnum.

8. gr. Undirritun

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Samninginn undirrita:

F.h. fjarskiptasjóðs

Ásthildur Sturludóttir, formaður

F.h. Grundarfjarðarbæjar

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri